

## L Ö G

58

19. maí

um

viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

## 1. gr.

Til dýpkunar innsiglingar, fullnaðarviðgerðar hafnargarða og nauðsyn-  
legustu mannvirkja innan hafnar í Vestmannaeyjum veitast úr rikissjóði allt  
að 110 þús. krónur, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja-  
kaupstaðar.

Tillagið úr rikissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu  
og reikningshaldinu sé falin manni, sem rikisstjórnin samþykkir.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Tryggvi Þórhallsson.*